

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi. Um er að ræða stækkun athafnasvæðis Selhrauns til norðurs. Vestur hluti svæðisins fer yfir opið svæði, en austur hlutinn yfir á svæði sem áður var hluti af miðsvæði Valla. Landnotkun þar breytist úr blandaðri landnotkun þjónustu og opin svæði, 31.039m² að stærð, í athafnasvæði. Heildarstærð nýja athafnasvæðisins verður 43.419m². Mörk athafnasvæðis og miðsvæðis Valla breytast og miðsvæðið minnkar úr 83.706m² í 77.995m².

Ástæðan fyrir breytingunni er sú að ekki eru lengur uppi áform um að reisa fjölbrautarskóla á svæðinu, en legu sinnar vegna hentar svæðið vel fyrir blandaða starfsemi svo sem skrifstofur og léttan iðnað í tengslum við athafnasvæðið Selhraun norður. Breytingin verður hluti af endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 og er því í samræmi við stefnumörkun aðalskipulagsins og stefnumið Hafnarfjarðar varðandi umhverfisverndarmarkmið. Gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall á svæðinu verði 0,5 og byggingar verði allt að 4 hæðir, sem er í samræmi við aðliggjandi lóð í Selhrauni norður og skipulag miðsvæðis Valla. Áhrifin af breytingunni verða hvorki jákvæð eða neikvæð, þar sem ekki er um aukna umferð, skuggavarp né útsýnisskerðingu að ræða frá því sem fjölbrautarskóli hefði skapað. Svæðið er að hluta á öröskuðu hrauni, en ekki er um meiri röskun að ræða en fyrri landnotkun hefði valdið, og ekki er um aðra röskun á umhverfispáttum að ræða. Í jaðri svæðisins er hlaðinn vegur, sem verður óraskaður, en ekki er um aðrar fornleifar að ræða á svæðinu. Ekki er talin þörf á aðgerðum til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum áætlunarinnar, annað en hvað varðar hljóðvist á þeirri hlið bygginga sem snúa að Reykjanesbraut. Ekki er talin þörf á vöktun vegna umhverfispátta.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: xx.xx.2013.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 1:15.000
Staðfest 18.05. 2007, með síðari breytingum

EFTIR



Breytt landnotkun 1:15.000
Mörk breytinga


Skýringar:

	Miðbær, miðsvæði		Ípróttasvæði
	Verslunar- og þjónustusvæði		Akstursípróttasvæði
	Svæði fyrir þjónustustofnanir		Hesthúsasvæði
	Iðnaðarsvæði		Kirkjugarður
	Hafnarsvæði		Golfvöllur
	Íbúðarsvæði		
	Athafnasvæði		
	Óbyggð svæði		
	Náttúruverndarsvæði - friðlýst svæði		
	Önnur náttúruverndarsvæði		
	Opin svæði til sérstakra nota		
	Svæði fyrir frístundabyggð		
	Efnistökusvæði		
	Blönduð landnotkun		
	Skipulagi frestað		
	Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)		
	Friðlýstar fornminjar		
	Vatnsbólsvæði		
	Grannsvæði (vatnsvernd II)		
	Fjarsvæði (vatnsvernd III)		
	Stofnbrautir		
	Stofnbraut, jarðgöng		
	Tengibrautir		
	Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga		
	Mislæg gatnamót		
	Undirgöng / brú		
	Gönguleiðir		
	Gönguleiðir, útivistarstigir		
	Reiðleiðir		
	Útivistarvegir		
	Bráðabirgða þýningarsvæði <small>seð af Hóttatvæðingunni frá 1997</small>		
	Svæði takmarkaðrar ábygðar <small>skv. lögfestum samningi ÍSAL og íslenskra ríkisna 1986</small>		
	Háspennulína		
	Jarðstrennur		
	Varnargarðar		
	Sveitarfélagsmörk		
	Tengivirki		
	Spennistöð		

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: _____ 2013.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2005-2025 SVÆÐI: SELHRAUN ATHAFNASVÆÐI



SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
HAFNARFJARÐAR

7.10.2013

BJARKI JÓHANNESSON